



HVERNIG GETUR EVRÓPSKUR JAFNRÉTTISSÁTTMÁLI GAGNAST ÍSLENSKUM SVEITARFÉLÖGUM?

Landsfundur jafnréttisnefnda
2014

Anna G. Björnsdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga



HVAÐA SÁTTMÁLI ER ÞETTA?

<http://www.samband.is/>

verkefning/lydraedis--og-mannrettindamal
/jafnrettismal/

Íslensk aðildarsveitarfélög:

Akraneskaupstaður

Akureyrarkaupstaður

Hafnarfjarðarkaupstaður

Kópavogsbær

Mosfellsbær,

Reykjavíkurborg



EVROPUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM OG HÉRUÐUM

Sáttmáli fyrir sveitar- og héraðsstjórnir Evrópu um
skuldbindingar þeirra til að beita völdum sínum og
samstarfstengslum til að ná fram auknu jafnrétti
fyrir íbúa sína

Saminn og kynntur af
Evrópusamtökum sveitarfélaga og héraða og samstarfsaðilum þeirra

UM HVAD FJALLAR SÁTTMÁLINN?

- Þau meginsjónarmið sem sveitarfélög þurfa að gæta til að tryggja jafna stöðu kynjanna í reynd.
- Hvaða skuldbindingar þau þurfa að takast á hendur til að ná árangri.
- Útlistar mikilvægar jafnréttisaðgerðir á lykilsviðum í starfsemi sveitarfélaga.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

Inngangur eða formáli um það sem liggur að baki sáttmálanum.

I. hluti: Meginreglur sem aðildarsveitarfélög viðurkenna að leggja til grundvallar:

1. **Jöfn staða** kvenna og karla er **grundvallarréttur** sem ber að innleiða á öllum ábyrgðarsviðum sveitarfélags.
2. Taka þarf sérstaklega á **margfaldri mismunun**, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl.
3. **Jöfn þátttaka** kvenna og karla **í ákvörðunartöku** er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.
4. **Afnám staðalímynda** kynjanna.
5. **Samþætting** kynjasjónarmiða.
6. Nauðsyn þess að gera **aðgerðaráætlanir** og tryggja nægilegt **fjármagn**.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

II. hluti: Innleiðing og skuldbindingar.

1. Aðgerðaráætlun innan tveggja ára eða endurskoðun gildandi áætlunar.
2. Skilgreina markmið, forgangsmál, tímaramma og framkvæmd.
3. Samráð við gerð áætlunar, kynning á henni og árangri hennar.
4. Endurskoðun áætlunar eftir þörfum.
5. Þróa árangursmat og hafa samvinnu við önnur sveitarfélög í Evrópu með það fyrir augum að læra af reynslu annarra og miðla af eigin reynslu til þeirra.
6. Tilkynna undirritun til CEMR (afrit til Sambands ísl. sveitarfélaga) og tilnefna tengilið vegna framtíðarsamstarfs.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

III. hluti: Ákvæði um hin ýmsu sveitarfélagasvið.

Lýðræðisleg ábyrgð (1. gr.) Jöfn staða kynjanna er grundvallarforsenda lýðræðisins og sveitarfélög bera lýðræðislega ábyrgð á að hún nái fram að ganga í raun.

Pólítískt hlutverk (2.-7. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt við val á pólítískum fulltrúum, við þátttöku íbúanna í hinu staðbundna lýðræði, í stjórnslu sveitarfélags og gagnvart samstarfsaðilum.

Almenn umgjörð (8.-10. gr.) Sveitarfélög bera ábyrgð innan síns valdssviðs, skuldbinda sig til að vinna kynjamat og berjast gegn margfaldri mismunun.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

Atvinnurekandahlutverkið (11. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt í starfsmannamálum.

Innkaup og samningar (12. gr.) Gæta jafnréttissjónarmiða við gerð samninga um kaup á vörum, þjónustu og framkvæmdir, sérstaklega þegar verið er að bjóða út mikilvæga þjónustu fyrir almenning. Áhersla á að samningsaðili beri þá sömu ábyrgð á að fylgja jafnréttissjónarmiðum og sveitarfélagið.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

Þjónustuhlutverkið (13.-23. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt í skólaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, húsnæðismálum, menningarmálum, íþróttá- og tómstundamálum, vegna umönnunar barna og annarra aðstandenda, til að tryggja öryggi einstaklinga, í baráttu gegn félagslegri útskúfun, kynbundnu ofbeldi og mansali.

Skipulag og sjálfbær þróun (24.-28. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt við gerð skipulags, þróun stefnu um sjálfbæra þróun, við uppbyggingu samgangna og atvinnulífs og í umhverfismálum.



EFNISÞÆTTIR SÁTTMÁLANS

Reglusetningarhlutverk (29. gr.) Sveitarstjórnir taki tillit til jafnréttissjónarmiða þegar þær beita heimildum sínum til að setja reglur.

Vinabæjar- og alþjóðlegt samstarf (30. gr.) Sveitarfélög nýti slíkt samstarf til að fræðast um jafnréttismál og tryggi jafna þátttöku kynjanna í því.



SAMÞÆTTA ÁÆTLANIR SKV. SÁTTMÁLA OG SKV. JAFNRÉTTISLÖGUM

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

2008 nr. 10 6. mars

■ 12. gr. *Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.*

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags.

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Hver nefnd skal annað hvert ár afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags.



HVERNIG ER HÆGT AÐ BYRJA?

- Skoða stöðuna í sveitarfélaginu. Hvaða upplýsingar eru til sem hægt er að byggja á, hvaða upplýsinga þarf að afla? Kyngreindar upplýsingar eru lykilatriði til að greina stöðuna.
- Skoða hvað aðrir eru að gera. Er hægt að nýta reynslu og þekkingu annarra sveitarfélaga, innlendra eða erlendra?
- Forgangsraða. Velja svið sem sveitarfélög telur þörf á að setja í forgang og/eða áhugaverðust. Mikilvægt að sníða sér stakk eftir vexti og vera raunsær í markmiðssetningu. Betra að setja sér fá raunhæf markmið en mörg óraunhæf.
- Tryggja fjárveitingar til aðgerða.



MIKILVÆGUSTU FORSENDURNAR

Að yfirstjórnin, bæði sveitarstjórn og framkvæmdastjóri hafi áhuga og skilning.

Að starfsfólkið taki þátt og hafi þekkingu og áhuga.

Miðlun upplýsinga og uppbygging þekkingar meðal starfsfólks og yfirstjórnar.

Hafa gott samráð og tryggja breiða eignarhlutdeild.

Stjórnunarleg umgjörð fyrir gerð áætlunar og eftirfylgni.

Fá fjármagn til aðgerða.



HVAÐA AÐSTOÐ GETA SVEITARFÉLÖG FENGIÐ

Samstarfsyfirlýsing frá 2009 um aðstoð Jafnréttisstofu við sveitarfélög við innleiðingu sáttmálans.

CEMR observatory, <http://www.charter-equality.eu/>

Norrænt jafnréttisverkefni.

Samstarf íslenskra

aðildarsveitarfélaga.

Europe

Observatory
European Charter For Equality
of Women and Men in Local life

About the Charter

The Action Plan:
Step by Step

The Charter
in Action

Methods
and Evaluation

Atlas of Signatories
of the Charter

SIGN
THE CHARTER
1442

BECOME
AMBASSADOR
OF THE CHARTER
10

The employer role
The Signatory in its role as employer recognises the right to equality of women and men in regard to all aspects of employment, including work organisation and working conditions.

ATLAS OF THE SIGNATORIES
OF THE CHARTER



Sameiginl jafnréttis- stefna sveitarfél. á Umeásvæðinu	Jafnrétti er grundvallarréttur		Berjast gegn margfaldrí mismunun og mieraði		Konur og karlar taki jafnan þátt í ákvörðunarferlum		Nauðsynlegt að sambætta jafnrétti- sjónamið inn í alla starfsemi		Tryggja þarf fjármögnun aðgerða		Útrýma staðali- myndunum	
Áherslu- svið	Völd og áhrif			Sjálfbær þróun			Þjónusta við íbúa			Lífskjör		
Lykil þættir	pátttaka í sveitarstjórnar- málum (2. gr.)	Opinber afstaða (4. gr.)	Vinnuveitenda hlutverk (11. gr.)	Berjast gegn staðalfmyndu m (6. gr.)	Innkaup (12. gr.)	Sjálfbær þróun (24. gr.)	Umönnun barna (16. gr.)	Aðlögun innflytjenda (18. gr.)	Menning, íþróttir og tómstundir (20. gr.)	Heilsa (14-17. gr.)	Kynbundið ofbeldi (22. gr.)	Verslun með fólk (23. gr.)
Mælanleg markmið	Allir kjörnir fulltrúar eiga að hafa fullnægjandi þekkingu til að geta fylgt eftir meginreglunni um pátttöku kvenna og karla	Öll sveitarfélög á svæðinu skrifi undir Evrópu- sáttmálann og geri aðgerðar- áætlanir. Allir vinnuhópar svæðisins vinna útrá aðgerðar- áætlun.	Sjá til þess að það sé jafnvægi milli kvenna og karla við tilnefningar og stöðuhækkanir á öllum stigum og ekki síst á hærra stjórnendastigi	Miðlun uppl innanhúss og utan til að stuðla að jákvæðum kynjaímyndum og góðum fordæmum og vinna gegn stöðluðum hugmyndum um hvort kynið	Starfsmenn sem bera ábyrgð á innkaupum og samningagerð fái fræðslu til að vera meðvitaðir um jafnréttis- viðdina í starfi sínu og taki tillit til hennar.	Gæta jafnréttisarm við framfararásætl- gerð fyrir svæðið, um leið og gætt er að sjálfb. Gæta sérstaklega að því að auka hlut þess kyns sem er í minnih í vinnu við að skapa aðgengil og jafnréttisv	Umeásvæðið mun vinna að því að báðir foreldrar sinni umönnun barna jafnt.	Vinna að aðlögun bæði kvenna og karla með því að gæta mismunandi þarfa þeirra.	Þjónusta og tilboð höfði til og séu aðgengileg bæði fyrir karla og konur/stráka og stelpur. Hvetja bókasöfn til að bjóða ekki upp á efni með staðalím.	Jöfn skilyrði til góðrar heilsu.	Stuðla að því að það dragi úr kynbundnu ofbeldi, sem algengara er að konur verði fyrir, með því að vinna markvisst að því að því að berjast gegn staðalím og hugmyndum um að annað kynið sé hinu	Auka meðvitund stjórnenda á svæðinu um tilvik og tíðni þar sem fórnarlömbin eru oftast stúlkur og konur.
Mæli- kvarðar	Hlutfall kjörinna fullrúa sem hefur tekið þátt í námskeiði. Þátttaka kvenna og karla í svæðisráðinu skal vera 40/60.	Fj. sveitar- félaga sem hafa skrifað undir sáttm og miðla uppl. á heimasíðu. Fjöldi vinnuh. sem skila skýrslu um eftirfylgni.	Fj sveitarf sem hefur jafnréttisáætl í starfsmálum. Fj kv/karla ráðin þar sem viðk. kyn er í minnihluta.	Fj upplmiðlara sem hafa fengið fræðslu. Fj myndabanka og efnis sem hefur verið yfirlaríð með tilliti til kynja- sambættingar	Fjöldi sem hefur fengið fræðslu. Fjöldi jafnréttisákv í innkaupa- samningum.	Fj stjórnskjala fyrir svæðið með jafnr- og sjálfbærni- áherslur. Skjalfræðar aðgerðir.	Fæðingarorlof skiptist jafnt milli foreldra (60/40). Sveitarfélögin hafi samstarf um foreldra- stuðning til 17 ára aldurs.	Það dragi úr því að innfl. fái framfærslu en þeir fái í staðinn greiðslur fyrir að taka þátt í samfélags- námskeiðum. (2 ára prógramm)	Fjölgun höfunda af því kyni sem er í minnihluta. Bókakaup án staðalím. Uppl. um nýtingu með tilliti til kyns.	Meðalaldur. Heilsusamlegt líf. Veikindadagar (kvk/kk). Tölulegar uppl. um veikindi karla og kvenna. Kærð afbrot.	Fækkun kærðra ofbeldisbrota á svæðinu. Fjölgun kvenna sem fær góðan stuðning (könnun).	Fj. kjörinna ftr. og hátt settra stjórnenda sem hefur fengið fræðslu um mannréttindi og verslun með fólk.
Aðgerðir	Setja málsmeðferðar- reglur. Móta stefnu um jafna pátttöku kynjanna við tilnefningar. Tölulegar upplýsingar kyngreindar.	Birt á heimasíðu og í ársskýrslu. Endursk form fyrir starfsáætlun og skapa möguleika á vefbirtingu aðgerðar- og starfsáætl.	Fylgst með árlegum ráðningum. Þátttaka í átaksverkefni.	Námskeið fyrir upplýsinga- miðlara sem yfirlara myndabanka og efni.	Námskeið fyrir innkaupafólk. Utanaðkom úttekt á innkaupa- samningum.	Samantekt á stjórnunar- skjölum. Stöðugreining. Greining á nýtingu samgöngu- kerfa.	Upplýsinga- herferð um ávinning af því að foreldrar beri jafna ábyrgð á börnum sínum. Skipul. foreldrarstuðn til 17 ára. Stjórnendur hvetji karla til að taka	Upplýsingagjöf í námskeið. Úttekt á námsefni.	Skoða möguleika á að nota GIS-kerfi. Gera úttekt á hvernig höfundar nýrra bóka, sem keyptar eru, skiptast eftir kynjum.	Átaksverkefni á svæðinu. Miðla regnslu af verkefni um jafnréttis- sinnaða félagsþjónustu	Námskeið fyrir starfsfólk. Samhæfð upplýsinga- herferð um kynb. ofbeldi- hvaða aðstoð standi til boða. Íbúakönnun.	Ráðstefna um innfl eiginkvenna. Samstarf við ríki og sveitarf um sérfræðinga- teymi til að bera kennsl á fórnarlömb og veita þeim stuðning.

Mainstreaming the decision-making & management system



AÐ LOKUM

Nýtt kjörtímabil býður upp á ný tækifæri.

Jafnréttisstarf snýst þegar allt kemur til alls

um réttlæti og bættu þjónustu, að strákar og stelpur, konur og karlar fái jöfn tækifæri og þjónustu sem tekur mið af þörfum hvors kyns fyrir sig.

Myndband sem segir meira en þúsund orð:

<http://www.bing.com/videos/search?q=SKL+gender+equalilty+film+in+English&qpvt=SKL+gender+equalilty+film+in+English&FORM=VDRE#view=detail&mid=B6874434E01275EFA9A9B6874434E01275EFA9A9>



Gangi ykkur vell!

